

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
101 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarácstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 3. desember 2018

Tilvísun: 2018101476PS/--

Efni: Viðbótarumsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga nr. 90/2018

Persónuvernd vísar til beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 9. nóvember 2018, um viðbótarumsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (þskj. 77, 77. mál á 149. löggjafarþingi). Stofnunin hefur þegar veitt umsögn um frumvarpið, dags. 9. nóvember 2018, auk viðbótar við hana, dags. 16. s.m. Vísað er til þess í fyrrgreindri beiðni að í umsögninni frá 9. nóvember 2018 var lagt til að orðið „heilsufar“ félli brott í tillögu 4. gr. frumvarpsins að viðbót við 1. gr. laga nr. 54/1962, þ.e. í upptalningu á því hvers konar upplýsingar Þjóðskrá eigi að vera heimilt að vinna með í þeim tilgangi að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Þá eru nefnd dæmi þess að Þjóðskrá þarfnist heilsufarsupplýsinga vegna starfsemi sinnar. Meðal annars sé um slíkt að ræða þegar sá sem dveljist erlendis vegna veikinda nýti rétt sinn til að eiga áfram lögheimili hér á landi hjá skyldfólki sínu eða venslafólki, þar sem hann hafi átt lögheimili þegar hann hafi farið af landi brott, enda sé hann ekki skráður með fasta búsetu erlendis, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 21/1990, um lögheimili, og 8. gr. nýrra laga nr. 80/2018, um lögheimili og aðsetur, sem taka gildi um áramótin. Farið sé fram á að læknisvottorð fylgi beiðni á þessum grundvelli.

Með vísan til framangreinds er þess óskað í beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis að Persónuvernd svari því til hvort umfjöllun í beiðninni breyti afstöðu stofnunarinnar. Því er til að svara að svo er og fellur stofnunin frá þeirri athugasemd að orðið „heilsufar“ falli brott úr umræddu frumvarpsákvæði. Að framangreindu virtu er að mati Persónuverndar rétt að geta þess í nefndarálit, á hvaða grundvelli Þjóðskrá þarf að vera heimilt að vinna með heilsufarsupplýsingar, til að tryggja að það liggi ljóst fyrir hvaða heilsufarsupplýsingar heimilt

verði að vinna með.

F.h. Persónuverndar,

Gunnar Ingi
Gunnar Ingi Ágústsson

Valborg Steingrimsdóttir
Valborg Steingrimsdóttir